

Helena Hamzhepour

MS-ritgerð: Tazaróten til meðhöndlunar á handaslitgigt (Þróun á in vitro líkani)

Höfundur: Helena Hamzhepour fæddist í Þýskalandi þann 10. september 1995 þar sem hún bjó til ársins 2007 er hún flutti til Íslands. Helena útskrifaðist með stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð og hóf nám í Lyfjafræði við Háskóla Íslands árið 2016 vegna löngunar til að starfa í heilbrigðisgeiranum. Samhliða námi hefur Helena unnið hjá Lyfjum og heilsu hf., Landspítala Íslands og einnig sem aðstoðarkennari við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.



Stuttur útdráttur úr ritgerð: Enn sem komið er hafa engin sjúkdóms breytandi lyf verið þróuð við handaslitgigt. Handaslitgigt er misleitur sjúkdómur með sterk erfðafræðileg tengsl og hafa rannsóknir á erfðatengslum sýnt fram á mikilvægi retínósýru í handaslitgigt. Tazaróten sem er þriðju kynslóðar retínóíði, er því talinn geta haft lækningalega virkni gegn sjúkdómnum. Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt, annars vegar að þróa in vitro handaslitgigtarlíkan til að prófa tazaróten og ákvarða 50% frumudrepani styrk þess (CC₅₀), og hins vegar að kanna áhrif tazarótens á mismunandi lífmerki sjúkdómsins. CC₅₀ tazarótens var fundinn og einföld og skilvirk aðferð til að flytja og einangra brjósksfrumur þróuð. Marktæk lækkun á TNF- α styrk sást með notkun tazarótens og fyrstu skrefum til að líkja eftir TNF- α og glýkósamínóglýkan styrk í handaslitgigtarfrumurækt var náð. Á þessu stigi er ekki enn ljóst hvort tazaróten sýnir sjúkdóms breytandi eiginleika, hins vegar gefur lækkun þess á TNF- α gildum að minnsta kosti vísbendingu um að lyfið gæti haft gagnleg áhrif á handaslitgigt.